
Bergvík í Suðurnesjabæ:

Fornleifaskráning vegna uppbyggingar iðnaðarsvæðis



Ritstjóri: Sólveig G. Beck

Aðrir höfundar efnis: Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir,
Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson

Verknúmer MÍ: 3523
Mynd á forsíðu er af rétt GK-110:090 en í fjarska sést Hólmsbergsviti.
Horft til NNA. Ljósmynd: Sólveig G. Beck.

©Fornleifastofnun Íslands 2025
Bræðraborgarstígur 9
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	4
1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	7
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	9
4. FORNLEIFASKRÁ	12
GK-103 STÓRI-HÓLMUR	12
GK-110 KEFLAVÍK.....	28
GK-631 FORNLEIFAR Á FLEIRI EN EINNI JÖRÐ: ROSMHVALANESHREPPUR.....	30
5. NIÐURSTÖÐUR.....	32
6. HEIMILDASKRÁ.....	39
VIÐAUKI: HNITALISTI OG MINJAKORT	I

Samantekt

Í nóvember 2025 vann Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu á um 170 ha svæði á Hólmsbergi, suðvestan Bergvíkur í Suðurnesjabæ. Skráningin var unnin vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar iðnaðar á svæðinu og fólst annars vegar í endurskoðun og uppmælingu á minjum sem áður höfðu verið skráðar á svæðinu og kerfisbundinnar vettvangsúttektar í leit að áður óþekktum minjum. Alls voru skráðir 34 minjastaðir, þar af 28 innan athugunarsvæðis og sex í jaðri þess.

Fyrri skráningar á svæðinu, sem ná aftur til áranna 2006 og 2019, gáfu vísbendingar um 23 fornleifar á svæðinu. Við skráningu 2025 komu í ljós ellefu áður óþekktar minjar til viðbótar. Athugunarsvæðið 2025 samanstóð annars vegar af um 126 ha stóru svæði þar sem áætlað er að byggja upp iðnaðarmannvirki og umhverfi þess þar sem ekki eru áætlaðar framkvæmdir. Þær minjar sem voru innan skilgreinds iðnaðarsvæðis voru metnar í stórhættu (samts 18 staðir) en aðrir staðir aðeins í almennri hættu vegna umróts á svæðinu (samts 18 staðir). Ein fornleif var horfin vegna framkvæmda. Mikilvægt er tekið sé mið af minjum við frekari útfærslu framkvæmda og að haft sé samráð við Minjastofnun Íslands ef útlit er fyrir að raska þurfi minjum við framkvæmdir.

Efnisorð: Fornleifar, fornleifaúttekt, Fornleifastofnun Íslands, Bergvík, Reykjanes

Summary

In November 2025, the Institute of Archaeology carried out an archaeological survey in an area of approximately 170 ha on Hólmsberg, southwest of Bergvík in Suðurnesjabær. The survey was conducted in relation to planned industrial development in the area and comprised, on the one hand, a reassessment and new measurement of previously recorded sites and, on the other, a systematic field walking aimed at identifying previously unrecorded remains. A total of 34 archaeological sites were documented, of which 27 lie within the survey limits and six within its buffer zone.

Earlier surveys in the area, dating to 2006 and 2019, had indicated the presence of 23 archaeological sites. The 2025 survey revealed an additional 11 previously unrecorded sites. The study area examined in 2025 consisted of an approximately 126-hectare zone intended for future industrial development, as well as surrounding land where no construction is planned. All archaeological sites located within the designated industrial area were assessed as being at great short-term risk (18 sites in total), while the remaining sites were considered at general risk due to ongoing disturbance in the wider area (18 sites). It is important that archaeological remains are considered during the continued planning and design stages of the development, and that consultation with the Cultural Heritage Agency of Iceland (Minjastofnun Íslands) is sought whenever proposed works may affect such remains.

Keywords: Archaeology, detailed survey, Institute of Archaeology (Iceland), Bergvík, Reykjanes

1. Inngangur

Í nóvember 2025 vann Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu innan ~170 ha athugunarsvæðis sunnan Bergvíkur í Suðurnesjabæ. Skráningin var gerð fyrir Suðurnesjabæ vegna áátlana um frekari uppbyggingu iðnaðar innan svæðisins, en það hefur verið í sífelldri þróun frá því um og eftir 1980. Fjórar eldri skráningar hafa verið gerðar á svæðinu milli 2006 og 2019.¹ Því lágu fyrir upplýsingar um 23 fornleifar innan svæðisins áður en lagt var af stað. Athugunarsvæðið er gróflega afmarkað af Garðskagavegi 45 að vestan, landamerkjalinu milli vegarins og Bergvíkur að norðan, strandlengjunni að austan og Helguvíkurvegi að sunnan (Mynd 1). Öryggis- og varnarsvæði B1 (~20 ha) við Helguvíkurveg 7 var undanskilið í þessari skráningu.


Svæðið er að mestu sléttlendir, grasi-, mosa- og lyngigrónir melar og klapparholt sem víða á svæðinu standa uppúr gróðrinum. Talsvert rof er á norðanverðu svæðinu og lúpína er farin að dreifa sér innan þess. Strandlengjan til austurs er að mestu stórgrýtt fjara og þverhnipt björg. Á norðausturhluta svæðisins eru tvö lítil, samsíða vötn sem kallast Bergvötn. Svæðinu hefur þegar nokkuð verið raskað vegna framkvæmda. Búið er að hlaða upp háum malar- og grjótgörðum til norðurs frá Helguvíkurvegi, um 1 km vegalengd meðfram vesturhlið svæðisins samsíða Garðskagavegi 45.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbygging hennar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórdi kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjarnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er loks heimildaskrá og viðauki með minjakortum. Skráningin var unnin af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Sólveigu G. Beck og Stefáni Ólafssyni fornleifafræðingum og var úrvinnsla og skýrslugerð unnin í beinu framhaldi af Sólveigu. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf og loftmynda- og kortasafni Náttúrufræðistofnunar (áður Landmælingar Íslands).

Við vettvangsskráningu var svæðið gengið skipulega í leit að minjum og eldri minjar heimsóttar að nýju, skráning þeirra uppfærð og sýnilegar minjar mældar upp. Skráðir voru 34 minjastaðir samtals: 27 innan athugunarsvæðis (gul lína á mynd 1) og sex í útjaðri þess þar sem mörk athugunarsvæðis náðu inn fyrir helgunarsvæði fornleifa (15 m). Innan svæðisins eru tvö eyrnamerkt iðnaðarsvæði (rauð lína á mynd 1) og voru allar fornleifar innan og við þessi svæði

¹ Adolf Friðriksson, 2006; Birna Lárusdóttir (ritstj.) 2008, bls. 94; Kristborg Þórsdóttir, 2010, Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019, bls. 31-32.

metnar í stórhættu vegna framkvæmda. Aðrar minjar voru metnar í almennri hættu vegna framkvæmda.



Mynd 1. Athugunarsvæðið sunna Bergvíkur er tæplega 170 ha og er afmarkað með gulri línu á myndinni. Öryggis- og varnarsvæði B1 er óskræð (skyggði reitur). Staðsetning athugunarsvæðis er sýnd á Íslandskorti með grænum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Íslandskort: Náttúrufræðistofnun.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar² eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]”. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir,

² Lög um menningarminjar 80/12. 2021.

leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,


i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusætning jarðanna á því.



Mynd 2. Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-493:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-493:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan og/eða <15 m frá mörkum athugunarsvæðis. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og hver staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-493:012).

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og

hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Skýringar á framsetningu uppmælinga í þessari skýrslu má sjá á mynd 3.

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á bæði langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í og tímabundna hættu. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Að þessu sinni var farin sú leið að meta allar fornleifar innan ráðgerðra iðnaðarsvæða í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en minjar utan þeirra en innan athugunamarka í almennri hættu vegna þeirra. Á síðari stigum er þá gjarnan tekið tillit til

Skýringar

Afmörkun svæða 2025

-  Iðnaðarsvæði
-  Óskráð
-  Úttektarsvæði

Punktar

-  Minjastaður

Línur

-  Gata, óljós eða horfin
-  Vegur, ruddur
-  Vegur, óljós eða horfinn
-  Náttúrulegar útlínur

Flákar

-  Torf og grjót
-  Torf
-  Grjót
-  Þúst
-  Dæld
-  Steyptur grunnur

Mynd 3. Skýringar á framsetningu uppmælinga og minjateikningum í fornleifaskrá þessarar skýrslu.

minja við útfærslu framkvæmda, eða ef það er ekki unnt, beðið um álit Minjastofnunar Íslands á því hvort og þá með hvaða skilyrðum slíkir minjastaðir mega víkja.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

GK-103 Stóri-Hólmur

Saga jarðarinnar

1703: jarðadýrleiki óviss. JÁM III, 102. 1686/1695: konungseign, tax value 45 hdr., Björn Lárusson 1967, 123. 1847: Konungseign. 45 hdr., Bændaeign, JJ, 88.

Jarðarinnar er getið í Þórðarbók Landnámu: „[...] þá fór hann [Gufi annar son Ketils] á Rosmhvalanes og vildi byggja at Gufuskálum. En þau Steinuðr keyptu saman, at hann skyldi á burt fara, er varmannastöð skyldi vera ávallt frá Hólmi.” ÍF I, 66 nm. Jarðarinnar Hólms á Rosmhvalanesi er getið í skrá yfir rekaskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270: „Jinn primis. Holmvr æ vidreka in j keflavík til motz cid njardvík.” DI II, 76 og í skrá um hvalskipti á Rosmhvalanesi, einnig frá um 1270: „[...] þar af einn hlvt holmvr [...]”, DI II, 78. Þá er hennar getið í afgjaldareikningi Eggerts fógeta Hannessonar frá 1552, DI XII, 418, 421, og í hlutabók og sjávarútgerðareikningi Eggerts hirðstjóra Hannessonar frá 1553, DI XII, 578, 589. Jarðarinnar er einnig getið í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563, DI XIV, 156.

Heimildir geta hálfkirkju á Stóra-Hólmi:

HÓLMUR Á ROSMHVALANESI (G) -Maríu og Þorláki - HÁLFKIRKJA

[1367]: „lxvii. Mariu kirkia og hinz heilaga Thorlaks Biskups ad Holme a Rossmalanese a steindan duk les Vilchinsbok”; Hítardalsbók, DI III 221.

1397: „a ij kyr. portio Ecclesiae v hundrud oc xx oc xij aurar”; Máld DI IV 105.

1570 og síðar (Gíslamáldagar): „halfkirkian a Hollme i garde” DI XV, 638.

1598: „hálfkirkja”; AM 263 fol. bl. 61.

Árið 1703 eru sjö hjáleigur á jörðinni: Vesturhús [042], Ráðagerði [GK-109], Garðhús [GK-108] og Kötluhóll [006] sem og þrjár aðrar nafnlausar [044, 045, 046]. Einnig er Keflavík [GK-110] talin með jörðum Stóra-Hólms en samt ekki hjáleiga. JÁM III, 102-106.

Árið 1847 eru eftirtaldar hjáleigur í byggð á Stóra-Hólmi: Litli-Hólmur [GK-104], Borghús [GK-105], Nýlenda [GK-106], Rófa [GK-107], Garðhús, Ráðagerði. JJ, 89.

1703: „Fóðrast kann iii kýr og i úngneyti[...]Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenningum. Torfrista og stúnga bjargleg. Lýngrif nokkurt í eigin landi. Fuglveiði og eggver hefur til forna verið í bergi því, sem nú kallast Hólmsberg[...]er nú alls engin. Rekavon nokkur. Skelfiskfjara nokkur[...]Eldiviðartak af fjörupangi nægjanlegt. Heimræði árið um kríng [...] Túninu grandar sandur og sjáfargangur árlega. Engjar eru öngvar. Útígangur í betra lagi [...]. Vatnsból hverfur nokkrum sinnum til mikilla meina.” JÁM III, 102.

Túnakort 1919, Leiran: Tún 4,1 teigar, kálgarðar 720 m².

GK-103:016 varða samgöngubót

A: 324765 N: 396559

Varða er 240 m austan við þjóðveg og ríflega 200 m norðan við Helguvíkurveg sem liggur frá Garðskagavegi 45 í ANA að Helguvík. Varðan er tæpum 180 m NNV við vörðu 017. Varðan hefur nú verið girt af með fimm járnhliðum. Járnhliðin eru fest í steypustólpa og þau boltuð saman þannig að ekki er lengur hægt að komast að vörðunni nema smeygja sér inn um litla gjótu undir einni af grindunum. Líklega hefur varðan verið girt svona rækilega af til að koma í veg fyrir að hún verði skemmd fyrir vangá. Umhverfis vörðuna hefur verið gróið svæði þar sem víða eru mjög lá holt. Nú eru hins vegar umfangsmiklar framkvæmdir með greftri og stórum grjótfjöllum bæði austan og vestan hennar. Varðan er heilleg og hlýtur að hafa verið endurhlaðin á síðustu árum. Hún er ferhyrnd og um 1 m á kant þó örlítið stærri austur-vestur. Hún er um 1,6 m há og í henni sjást 7-8 umför af grjóti sem þakið er skófum. Varðan hefur ásamt vörðum 017 og vörðu 079 markað austari anga leiðar GK-631:001 (varðan er númer 076 í skýrslu frá 2006).

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.



Varða GK-103:016, horft til SSV.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður.

GK-103:017 varða samgöngubót

A: 324858 N: 396408

Varða er um 2,2 km suður af Stóra-Hólmi GK-103:001, um 290 m austan við Garðskagaveg 45 og um 30 m norðan við Helguvíkurveg sem liggur frá Garðskagavegi 45 í ANA að Helguvík. Varðan hefur nú verið girt af með járnhliðum. Járnhliðin eru fest í steypustólpa og þau boltuð saman. Líklega hefur varðan verið girt svona rækilega af til að koma í veg fyrir að varðan verði skemmd fyrir vangá. Varðan er á grónu, lágu grjótholti. Varðan er grjóthlaðin og ferköntuð, um 1,4x1,4 m í flatarmál og 1-1,2 m á hæð. Í neðri hluta vörðu eru 2-5 umföer af vel uppröðuðu stóru grjóti en í toppinn er aðeins gróf grjóthruga svo varðan mjókkar upp efstu 20 cm. Steinar eru grónir mosa og skófum. Mjög líklegt er að þessi varða hafi leiðbeint mönnum á leið GK-631:001 norðvestur í Leiru og Garð.



Varða GK-103:017, horft til SSA.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; Herforingjaráðskort Dana, 27 Reykjavík SV – 1910.

GK-103:027 heimild óþekkt

A: 325945 N: 396748

Þegar fornleifaskráning var unnin á svæðinu 2006 var skráð varða út við sjávarbrún, rúmlega 270 m ASA við vitann á Hellisnýpu. Þegar svæðið var skráð að nýju 2025 kom í ljós að umrædd varða er horfin og hefur henni líklega verið rutt út í framkvæmdum á þessum slóðum. Varðan stóð á berri klöpp en nú hefur svæðið verið sprengt að hluta og ruddur aflíðandi stallur að efnisnámu. Mikið rask er allt í kring.

Í skráningu 2006 er vörðunni lýst á eftirfarandi hátt: "Varðan er lítil og hlaðin úr fremur smáu grjóti. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin." Varðan var með númerið 074 í eldri skráningu (sjá skýrslu frá 2006). Öll ummerki um hana eru nú horfin.

Hættumat (almennt): horfin.

Hættumat (tímab.): horfin.

Heimildir: FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður.



Varða GK-103:027 er horfin vegna framkvæmda, horft til ASA yfir svæðið þar sem hún stóð áður.

GK-103:047 tóft rétt

A: 325487 N: 397404

Bergvötn heita tvær litlar tjarnir sem eru um 1,7 km suðaustan við bæjarhól Stóra-Hólms 001. Austan við nyrðri tjörnina er tóft og er hún tæpa 1,8 km suðaustan við bæjarhól 001, um 95 m norðan við tóft 071 og um 145 m austan við heystæði 083. Tóftin er í mólendum slakka sem hallar til vesturs að nyrðra Bergvatninu.


Tóftin er 14x9 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Tóftin hefur hugsanlega verið grjóthlaðin og grjótið úr henni fjarlægt. Suðurhlið hennar er skýrust því sú hlið hefur að hluta verið grafin inn í brekkuna. Hún er um 1 m á breidd og um 12 m að lengd. Suðvesturendi hennar er skýrastur því hann hefur grjóthlaðið innra byrði. Má þar telja fjögur umför og er hleðslan um 90 cm á hæð. Norðurhliðin er svo til alveg jarðlæg og sést bara sem grjótröð. Hún er um 9 m á lengd, mesta lagi 10-20 cm á hæð og 60-70 cm á breidd. Milli hliðanna að suðvestanverðu er slétt svæði og svo er annað slíkt svæði norðvestan við norðurhliðina sem hugsanlega tengjast tóftinni. Hugsanlega hefur þarna staðið grjóthlaðin rétt.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KP) - Sveitarfélagið Garður.



Rétt GK-103:047, horft til suðvesturs.

GK-103:049 Borgin örnefni mið

A: 324297 N: 397321

“Hinir Berghólarnir eru svolitlu vestar en Gapastokkur [051]. Syðsti hóllin af þeim var nefndur Borgin og var hann hafður fyrir mið norður í Leirum,” segir í örnefnaskrá Innleiru. Borgin er 1,3 km suður af bæjarhól 001 og um 150 m suðvestan við tóft 062.

Borgin er austan við Garðskagaveg nr. 45 og norðvestan við girðingu sem afmarkar stóriðjulóð. Mikið rask hefur orðið allt í kringum hólinn og er hætt við því að minjar í kringum hann séu horfnar, hafi þær yfirhöfuð verið þar.

Borgin er klettarni sem hefur nokkuð bratta vesturhlið. Líklega vísar Borgar-örnefnið til klettaborgar frekar en fjárborgar og eins og segir í örnefnaskrá hefur Borgin verið notuð sem mið. Engar fornleifar fundust á eða við Borgina. Á henni hefur verið komið fyrir landmælinga- eða hæðarmerki úr kopar og lítill staur er þar hjá til að auðvelda leit að honum. Borgar-örnefnið getur stundum tengst fjárborgum en ekkert virðist benda til þess að það hafi verið tilfellið hér, á þessum stað virðist örnefnið bara tengjast klettaborginni.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: Ö-Innleira, 13; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KP) - Sveitarfélagið Garður.



Borgin GK-103:049, horft til S.S.A.

GK-103:050 *Álfakirkja* huldufólksbústaður

A: 325024 N: 397870

“Austsuðaustur af Gapastokk [051] er stór ílangur klettur, sem er eins og hús í laginu. Svolítill hnúður var á norðvesturenda hans. Steinn þessi var nefndur Álfakirkja,” segir í örnefnaskrá Innleiru. Steinninn er um 1,1 km suðaustur af bæjarhól 001, um 25 m norðaustan við aðhald 068 og um 175 m suðaustur af Gapastokk 051. Álfakirkjan er neðarlega í stórgrýttri brekku sem hallar til norðausturs niður að þverhnýptum sjávarklettum.

Steinninn er um 2,5x1,3 m að stærð, snýr NNV-SSA, og er um 1,6 m á hæð. Steinninn er burstarlaga, eða líkur tjaldi í lögun. Hliðar hans eru sléttar á yfirborði en SSA-endinn er hrufóttur. Lækkar lítilllega til NNV.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna landbrots.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: Ö-Innleira, 13; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KP) - Sveitarfélagið Garður.



Álfakirkja GK-103:050, horft til NNV.

GK-103:051 *Gapastokkur* örnefni aftökustaður/huldufólksbústaður

A: 324862 N: 397941

“Hólmsberg endar til norðurs í Berghólum [sjá 062], en svo heita fjórir hólur í suðsuðvestur frá Bergvíkurbæ [020]. Hóllinn næstur Bergvíkurtúni, beint upp af Gónhól, var nefndur Gapastokkur. Hann var hár og klettóttur sjávarmegin og illfær. Vel var gengt upp á hann annars staðar. Símon [Guðmundsson] telur, að nafn sitt dragi hann af því, að strákar hafi farið nokkuð djarflega framan í honum og sýnt gapaskap [...] Huldufólkstrú lá á þessum hól.” segir í örnefnaskrá Innleiru. Í athugasemdum aftan við skrána segir: „Ófeigur [Ófeigsson] taldi sennilegra að á Gapastokk hefði eitt sinn verið gapastokkur fremur en hann dragi nafn af gapaskap stráka.” Gapastokkur er um 965 m suðaustan við bæ 001, 160 m norðvestur af aðhaldi 068 og um 70 m vestan við þverhnýpta sjávarkletta. Sunnan í hólnum eru tvær tóftir, 066 og 067. Gapastokkur er austastur Berghóla. Gróið klettholt sem er skammt sunnan við golfvöll. Hóllinn er allstór, um 20x15 m að stærð að ofanverðu og snýr norðvestur-suðaustur. Snarbratt og hátt er niður af honum til austurs og umhverfis hann er grýtt mólendi.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: Ö-Innleira, 12 og 14; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KP) - Sveitarfélagið Garður.



Gapastokkur GK-103:051, horft til ANA.

GK-103:061 hleðsla óþekkt

A: 324428 N: 397493

Stutt grjóthleðsla er í Berghólum fast austan við Garðveg GK-631:001. Hún er um 1,1 km sunnan við bæjarhól 001, tæpa 50 m norðan við tóft 062 og um 290 m vestan við vörðu 065. Hleðslan er á mel.

Hleðslan er úr stóru grjóti sem hefur verið tekið úr klöppunum í kring. Hún er tæplega 7 m löng og snýr austur og vestur. Við vesturenda hennar vottar fyrir horni á hleðslunni til norðurs. Hleðslan er 30-80 cm á hæð, 3-4 umför og tæplega 1 m á breidd. Hún er hæst um miðbikið og þar stendur hún vel en er nokkuð sigin til endanna. Hún er ágætlega hlaðin úr frekar köntuðu grjóti. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna rofs.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður.



Hleðsla GK-103:061, horft til norðvesturs.

GK-103:062 tóft beitarhús og hlaða

A: 324417 N: 397442


Tóft er 1,2 km sunnan við bæjarhól 001, um 150 m norðaustan við Borgina 049 og tæpa 50 m sunnan við hleðslu 061. Skilti hefur verið komið fyrir í einni af veggheðslum tóftarinnar og á því stendur „Berghólar”. Tóftin er í þýfðu og vel grónu mólendi. Tóftin er 27x12 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er þrískipt og hefur hugsanlega skipst í hlöðu, kró og fjárhús (hólf I-III). Hólfín liggja hvert upp af öðru og er meint hlaða nyrst (I). Hún er nánast hringlaga og er um 6x6 m að innanmáli. Hún hefur grjótfóðrað innra byrði sem er 60-100 cm á hæð. Hleðslugrjótið er stórt og óreglulegt og er hægt að telja 4-5 umför en hleðslan er töluvert farin að síga. Í hlöðunni er stór þúfa sem er um 3 m í þvermál og gæti verið leifar heys sem þar hefur verið skilið eftir og gróid upp. Op er á hlöðunni til suðausturs að meintri kró (II) sem gæti verið um 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur og suðaustur. Op er á krónni til suðausturs að meintu fjárhúsi (III) sem er 11x3 m að innanmáli og snýr einnig norðvestur og suðaustur. Op er á meintum fjárhúsum til suðausturs. Innra byrði fjárhúsa er 60-80 cm á hæð en ytrabyrði er 30-90 cm á hæð. Fjárhúsin eru á kafi í grasi. Ekki sjást nein augljós ummerki eftir upphleðslu undir tóftinni. Í skýrslu Eiríks Hermannssonar og Ragnheiðar Traustadóttur eru hugmyndir settar fram að tóftin hafi þjónað sem stæði fyrir „strandvarnarfallbyssu.” Stýsta loftlína að sjó frá tóftinni er til Bergvíkur og er hún um 730 m löng. Engra heimilda er getið og ekkert fannst sem gat stutt þessa túlkun.

Hættumat (almennt): engin hætta.


Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður.; Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir - 2019 - Skráning stríðsminja á Suðurnesjum, 31.



Tóft GK-103:062, horft til VSV.



Tóft beitarhúss og blöðu GK-103:062. Tóftin hefur hugsanlega verið endurnýtt í seinni heimstyrjöldinni.

GK-103:063 tóft óþekkt (rétt)

A: 324441 N: 397393

Tóft er um 1,1 km SSV af Stóra-Hólmi GK-103:001, um 170 m austan við Garðskagaveg 45 og um 30 m SSA við tóft 062. Tóftin er á áður uppblásnum grýttum mel en er nú (2025) að hverfa í gras og lúpínu.

Tóftin er uppblásin og grjóthlaðin, um 17 m á lengd, um 12 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Vegghleðslur eru samfallnar, en þó 0,5-1 m á hæð. Ekki er hægt að greina skýr umför vegna lúpínugróðurs. Gengið hefur verið inn að suðaustanverðu þar sem er greinilegur, um 1 m breiður inngangur. Innanmál er ólögulegt og hugsanlega er hægt að skipta tóftinni í þrjú hólfi. Meginhólf I þar sem gengið var inn, sem og tvö önnur II og III til beggja hliða, til norðausturs og suðvesturs. Hólf I er gróflega um 6,5x6,5 m að innanmáli. Hólf II og III eru samfallin, en gætu hafa verið um 2,5x1,5 m að innanmáli. Gengið var inn í hólfin innan hólf I en hlaðnir inngangar eru samfallnir. Hér er líklega um að ræða einhverskonar aðhald eða rétt, en nákvæmt hlutverk er óþekkt. Ekki er heldur útilokað að hér hafi verið einhvers konar skjól eða áningarstaður fyrir ferðalanga og hesta þar sem gata GK-631:001 lá til NNV framhjá tóftinni aðeins um 6 m í burtu.



Tóft GK-103:063, borft til vesturs.


Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna rofs.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KB) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík



Grjóthlaðin tóft 103:063 sem er aðeins um 5 m frá gömlu þjóðleiðinni (GK-631:001) út á Garðskaga. Hugsanlega hefur verið hér rétt fyrir búpening en ekki er þó útilokað að um herminjar sé að ræða (sjá einnig GK-103:078).

GK-103:064 varða samgöngubót

A: 324491 N: 397316

Varða er um 220 m austan við Garðskagaveg 45, um 90 m SSA við tóft 063 og um 8 m ANA við tóft 078. Varðan er á grasi vaxinni klöpp í grýttu, mosa- og lyngigrónu holti, um 6 m austan við leið GK-631:001. Varðan er grjóthlaðin og ferköntuð, um 2x1,7 m að flatarmáli, um 1,2 m á hæð og snýr NNV-SSA. Varðan er vel hlaðin, um 8-10 umför og jafn þykk alla leið í topp. Grjótið er gróið mosa- og skófum. Hér er mjög líklega um að ræða vörðu sem merkti leið GK-631:001 frá Keflavík norðvestur í Garð. Sú leiðin var aðeins um 6 m frá vörðunni til vesturs.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; Herforingjaráðskort Dana, 27 Reykjavík SV – 1910.



Varða GK-103:064, horft til norðausturs.

GK-103:065 varða óþekkt

A: 324714 N: 397476

Vörðubrot er 450 m austan við þjóðveg og um 290 m austan við tóft 062. Varðan er á lágu og gróðurlitlu holti. Stórfelldar framkvæmdir með miklum grjótruðningum eru um 25 m austan við vörðuna. Umhverfis eru annars mosa- og grasi vaxin holt og flatir. Einhver lúpína vex í kring á sumrin. Varðan er frekar vestarlega á holtinu.

Varðan er 1,5 m austur-vestur en 1,2 norður-suður og mjókkar til suðurs. Nokkuð misstórt grjót er í vörðunni og er það vaxið skófum og mosa. Hún er mest 0,5 m á hæð. Upp úr miðri vörðunni stendur staur, sem líklega hefur verið settur í hana til að merkja hana. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan hefur gegnt og ekki er sýnileg gata eða leið í næsta nágrenni hennar.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.



Varða GK-103:065, horft til SSA.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KB) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík.

GK-103:066 tóft óþekkt

A: 324855 N: 397937

Tóft er sunnan í Gapastokk 051. Hún er um 960 m suðaustan við bæjarhól 001, um 5 m norðan við tóft 067 og um 160 m norðvestan við aðhald 068. Tóftin er sunnan í grónu klapparholti.

Tóftin er 8x6 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Tóftin er grafin inn í hólninn og er heildardýpt hólfsins um 180 cm. Hún er 3x2,5 m að innanmáli og er sennilega einföld en innan hennar er mögulegt vegggrun í norðurhorni hennar sem virðist skipa rýminu í tvö hólf. Veggheðslur er uppmjóar og eru um 1 m á breidd neðst en um 60 cm á breidd efst. Yrabyrði er 40-100 cm á hæð og innra byrði 40-50 cm á hæð. Veggheðslur eru hæstar innst við gálfinn en lægstar yst við op sem er á suðvesturgalfi hennar. Tóftin er öll á kafi í grasi og sjást engar grjóthleðslur í henni. Rof sem sást í henni þegar hún var skráð árið 2006 virðist hafa gróið því ekkert rof sást í henni nú (2025). Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin hefur þjónað en hugsanlega hefur hún annað hvort verið nýtt sem skepnuhús eða heystæði. Í skýrslu Eiríks Hermannssonar og Ragnheiðar Traustadóttur eru hugmyndir settar fram að tóftin hafi þjónað sem skotbyrgi hermanna frá stríðsárunum. Engra heimilda er þó getið og fannst ekkert sem gat stutt þá túlkun. Lítið torfskurðarsvæði er fast norðan við tóftina og er það 5x1 m að innanmáli. Kantar frekar skýrir en grónir og eru þeir um 30 cm djúpir.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.


Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KB) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir - 2019 - Skráning stríðsminja á Suðurnesjum, 32.



Tóft GK-103:066, horft til ANA.



Torf- og grjóthleðnar tóftir 066 og 067 sunnan í Gapastokki.

Tóft er sunnan í Gapastokk 051. Hún er um 970 m suðaustan við bæjarhól 001, um 5 m sunnan við tóft 066 og um 160 m norðvestan við aðhald 068. Tóftin er sunnan í grónu klapparholti.

Tóftin er 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld, um 4x1 m að innanmáli og er op á suðurgafli. Hún er að öllum líkindum grafin inn í hlíð holtisins og er heildardýpt hólfsins um 150 cm en annars er innra byrði veggja 50-90 cm á hæð. Ytrabyrði er um 1 m á hæð en er mjög aflíðandi og gæti vel verið að stórum hluta náttúrulegt. Breidd veggja er 150-190 cm. Ekkert grjót sést í vegghleðslum sem eru á kafi í grasi. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin hefur þjónað en hugsanlega hefur hún annað hvort verið nýtt sem skepnuhús eða heystæði.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir - 2019 - Skráning stríðsminja á Suðurnesjum, 32.



Tóft GK-103:067, horft til NNA.

Þúst og hrundar grjóthleðslur eru um 1,1 km suðaustan við bæjarhól 001, rúma 20 m suðvestan við Álfakirkju 050 og tépa 160m suðaustur af Gapastokk 051. Minjarnar eru á milli klapparhóla sem mynda skeifulaga náttúrulegt aðhald, í brekku mót norðaustri.

Hleðslurnar liggja milli tveggja klapparholta sem eru nærri hvort öðru og saman mynda hleðslurnar og klappirnar aðhald sem er um 16x12 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Innan aðhaldsins eru klapparveggirnir sléttir og lóðréttir. Milli klapparholtana suðvestast er jarðlæg grjóthleðsla sem er 4x1 m að stærð og snýr svo til vestur og austur. Þessi hleðsla hefur lokað gapinu á milli klapparholtanna að sunnanverðu. Milli klapparholtanna norðaustast er tóft sem er 5x5 m að stærð. Hún er einföld, 3x2 m að innanmáli og snýr hólfið suðvestur-norðaustur eins og aðhaldið. Vegghleðslur eru um 1 m á breidd og um 30 cm á hæð. Tóftin er öll gróin grasi en þó má sjá grjót í veggjum. Frá tóftinni liggja þrjár jarðlægar grjóthleðslur og þvera gapið milli klapparholtanna að norðaustanverðu. Ein af þessum hleðslum liggur til norðvesturs frá miðri norðvesturhlíð tóftar og að klapparvegg norðvestan við tóftina. Hún er rúmlega 1 m á breidd, 30-50 cm á hæð og er hægt að telja tvö umför í henni. Frá austurhorni tóftar er önnur jarðlæg grjóthleðsla sem liggur að klapparholtinu suðaustan við tóftina og það þriðja liggur frá suðurhorni tóftarinnar einnig að klapparholtinu suðaustan við tóftina. Líklega hafa þessi tvö síðastnefndu garðlög myndað litla kró í aðhaldinu upp við klettavegginn suðaustan við tóftina sem hefur verið 5x1,5 m að innanmáli. Það hefur snúið norðaustur-suðvestur. Í hleðslunum má sjá jarðlæg björg sem hafa haft áhrif á staðsetningu garðlaganna.


Hættumat (almennt): mikil hætta.

Hættuorsök (almennt): landbrot.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir - 2019 - Skráning stríðsminja á Suðurnesjum, 32.



Tóft GK-103:068, borft til norðausturs.

GK-103:069 varða óþekkt

A: 324696 N: 397248

Óljós varða er á grónum klapparhól, tæplega 400 m ANA við þjóðveg, og 215 m suðaustan við 064. Lágt holt gróið mosa. Tveir hóltóppar eru í holtið, sá sem varðan er á og svo áberandi og fagurgrænn toppur með fuglaþúfu á skammt sunnar og er hann mun meira áberandi kennileyti.

Vörðubrotið er talsvert hrúnið og óljósari en margar af vörðunum í kring. Hún er 1 x 1,2 m stór norður-suður en nokkrir steinar hafa fallið úr henni til norðurs og suðurs. Timburstaur hefur verið settur í vörðuna miðja, líklega til merkingar. Varðan er 0,3 m á hæð, 1-2 umför. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan hefur gegnt og ekki er sýnileg gata eða leið í næsta nágrenni hennar.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík.



Varða GK-103:069, borft til suðausturs.

GK-103:070 varða samgöngubót

A: 324537 N: 397143

Varða er um 220 m austan við Garðskagaveg 45 og 180 m SSA við vörðu 064, fast austan við leið GK-631:001. Á þessu svæði er mosa- og lyngigróið klapparholt sem liggur norðaustur-suðvestur. Varðan er í suðvesturenda holtsins. Varðan er gróflega hlaðin úr hraungrýti, um 2x2 m að flatarmáli og um 1 m á hæð (4-5 mjög gróf umför). Varðan hefur kassalaga grunnflöt en mjókkar upp í topp. Grjótið er gróið mosa og skófum. Mjög líklega er hér um að ræða vörðu sem merkti leið GK-631:001 frá Keflavík norðvestur í Garð sem mæld er upp á herforingjaráðskorti Dana frá 1908.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; Herforingjaráðskort Dana, 27 Reykjavík SV - 1910



Varða GK-103:070, borft til SSA.

GK-103:071 tóft óþekkt (skotbyrgi)

A: 325458 N: 397311

Bergvötn eru tvær litlar tjarnir suðaustan við bæjarhól Stóra-Hólms 001. Á eystribakka syðri tjarnarinnar er grjóthlaðin tóft. Hún er 1,8 km suð-suðaustan við bæjarhól 001, tæpa 100 m sunnan við tóft 047 og tæpa 130 m austan við heystæði 088. Tóftin er á tjarnarbakka og er tjörnin vestan við tóftina. Austan við hana er mólendi sem liggur að þverhníptum sjávarklettum og að sunnan er afgirt stóriðjulóð.


Tóftin er einföld, um 4x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðausturhlið hennar er nokkuð bein en aðrar liggja í sveig til vest-suðvesturs í átt að tjörninni. Vegghleðslur eru grjóthlaðnar, 50-70 cm á hæð og um 1 m á breidd. Þar eru mjög signar en líka er möguleiki á að þeim hafi einfaldlega verið hrúgað upp. Hægt er að telja 2-4 umför í þeim. Hún er gróin mosa og skófum. Hlutverk hennar er óþekkt en kannski hefur hún verið nýtt sem skotbyrgi.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KB) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík.



Hleðsla GK-103:071, horft til VSV.

GK-103:072 hleðsla óþekkt (skotbyrgi)

A: 325445 N: 397473

Bergvötn heita tvær litlar tjarnir sem eru um 1,7 km suðaustan við bæjarhól Stóra-Hólms 001. Hleðsla er á eystribakka nyrðri tjarnarinnar um 1,7 km suðaustan við bæjarhól 001, um 80 m norðvestan við tóft 047 og um 140 m norðaustan við heystæði 083. Hleðslan er í þýfðu grösugu mólendi fremst á tjarnarbakkanum.

Hleðslan er tæplega 7 m löng og um 1 m á breidd. Hún liggur norður suður en á henni er sveigja til vesturs að tjörninni. Hún er að stærstum hluta grjóthlaðin og er hún hæst um miðbikið. Þar er hægt að telja 4 umför af frekar stóru grjóti. Austurhlið hennar er um 1 m á hæð en vesturhliðin sem snýr að tjörninni er um 40 cm á hæð. Hleðslan lækkar út til endanna og eru þeir hugsanlega torfhlaðnir eða upphróflaðir. Ekki er vitað hvaða hlutverki hleðslan þjónaði en hugsanlega hefur hún verið nýtt sem skotbyrgi.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna vatnsaga.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KB) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík.



Hleðsla GK-103:072, horft til suðurs.

GK-103:074 tóft rétt

A: 324498 N: 397688


Lítill rétt er tæpan 1 km suð-suðaustan við bæjarhól 001, tæpa 260 m norð-norðaustan við tóft 062 og 160 m austan við Garðsstíg. Réttin er norðvestan undir nokkuð stóru klapparholti í þýfðu mólendi.

Klökkinn sem réttin er byggð upp við myndar allar hliðar hennar nema norðvesturlanghlið. Hún er grjóthlaðin, tæplega 4 m á lengd og 60-100 cm á breidd. Hleðslan er ekki vel hlaðin en í henni má telja allt að 4 umför og er innra byrði 60-100 cm á hæð en ytra byrði 50-70 cm á hæð. Grjóthleðslan er að hluta hlaðin ofan á bjargi sem hrúnið hefur úr klökkinni. Réttin er 3x2 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.



Rétt GK-103:074, horft til suðvesturs.

GK-103:075 varða óþekkt

A: 324758 N: 396914

Óljóst mannvirki er um 340 m ANA við þjóðveg en 130 m ANA við eldri veg GK-631:001. Umhverfis er svæði gróid mosa og grasi en gróðurhulan er þunn og stutt niður á hraun. Víða eru lág holt og er mannvirkið á einu slíku holt (10-15 m í þvermál).

Ekki er um eiginlega vörðu að ræða heldur er á holtinu fuglapúfa og hefur í henni verið reistur þríhyrningslaga steinn upp á rönd. Í fuglapúfinni má einnig sjá grjót undir sverði á tveimur stöðum og er hugsanlegt að þarna hafi verið varða sem nú eymir lítið eftir af, í það minnsta hefur steinninn þarna greinilega verið reistur upp í toppi holtsins og skráist þetta því sem mannaverk þótt það virðist fremur



Varða GK-103:075, horft til S.S.A.

ómerkilegt og ekkert sé vitað um aldur þess eða hlutverk. Grunnflötur er 1,3 x 0,8 m. Grjótið er austarlega í hæðinni en steinninn sjálfur er um 25 cm á hæð og er allra nyrst í vörðunni.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

GK-103:076 mannvirki óþekkt

A: 324464 N: 397235

Óljóst mannvirki er um 33 m vestan við leið GK-631:001, um 170 m austan við Garðskagaveg 45 og um 1,3 km SSV við Stóra-Hólm GK-103:001. Mannvirkið er í grófum mel fast sunnan undir 1,5-2 m háu egglaða, mosa- og lyngigrónu grjótholti sem snýr NNA-SSV.

Mannvirkið er um 15x10 m stór malarpúst sem snýr norðvestur-suðaustur. Í miðri þústinni er 3x3 m stór og 1-1,5 m djúp hola sem grafin hefur verið ofan í melinn. Hún er í dag (2025) fallega grasi- og mosagróin að innan. Gengið hefur verið inn í mannvirkið að suðaustanverðu. Sjá má leifar af tímberi í holunni. Ekki er hægt að greina eiginlegan inngang, heldur er þar aðeins hlykkjótt lítil, grasigróin gata, 0,3-0,5 m breið og 0,3-0,4 m djúp. Í suðausturhorni þústar má sjá skýr ummerki um 2 m breiðar grjóthleðslur (1-2 umför) en þær eru svo til útflattar (<0,3 m á hæð). Hægt er að sjá skýr ummerki um þessar hleðslur á loftmynd frá árinu 1974 og hugsanlega er hægt að greina þær einnig á loftmynd frá árinu 1945. Hlutverk mannvirkisins er óþekkt en hér gæti hugsanlega hafa verið skotbyrgi eða varðskýli við Garðveg GK-631:001 á stríðsárunum.


Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna rofs.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: Loftmyndasafn NÍ - 1974; Loftmyndasafn NÍ - 23.09.1945.



Mannvirki GK-103:076, borft til SSA.

GK-103:077 varða samgöngubót

A: 324605 N: 396972

Grjótdreif sem er greinilega aðflutt og hefur líklega verið hrunin varða, er á lágu holti um 3 m austan við leið GK-631:001. Hún er fast austan við leiðina sem sést ágætlega á þessum slóðum sem ruddur slóði. Dreifin er um 220 m austan við þjóðveg. Utan eða vestan í lágu og grýttu holti við gamla veginn.

Grjótdreifin er 3,3 x 2,4 m að stærð austur-vestur og samanstendur af 1-3 röðum af grjóti en að mestu leyti er aðeins um ólögulega grjótdreif að ræða.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.



Hrunin varða GK-103:077, borft til SV.

Tóft er fast vestan við leið GK-631:001, um 200 m austan við Garðskagaveg 45, um 128 m SSA við tóft 062 og um 1,2 km SSV við Stóra-Hólm GK-103:001. Á þessu svæði er mosa- og lyngigróinn þýfður mói með rofabörðum hér og þar.


Tóftin er grjót- og torfhlaðin, um 15 m á lengd, um 12 m á breidd og snýr norður-suður. Veggir tóftar eru 2-3 m á breidd og 0,3-1 m á hæð, hæstir (0,5-1 m) að sunnanverðu. Hledslur eru mjög signar. Hægt er að skipta tóftinni í fjóra hluta I-IV. Gengið var inn að vestan í eitt stórt hól I en þaðan var líklega innangengt í hól II-IV til norðausturs, suðausturs og suðurs. Greina má um 1 m breiðan inngang fyrir miðjum vesturvegg. Hól I er um 5,5x4 m að innanmáli (N-S) og er botn þess rofinn. Hól II hefur verið um 1,5x2,5 m að innanmáli og sneri norðaustur-suðvestur. Hól III hefur verið um 2,5x2 m að innanmáli og sneri NNA-SSV. Þetta hól virðist dýpra en hin tvö, eða 0,5-1 m á dýpt. Svo loks gæti hafa verið hól IV í suðurenda sem sneri norður-suður og var um 2,5x2 m að innanmáli en það virðist fullt af grjóti og torfi svo hugsanlega hefur þar verið þak yfir eða fyllt upp í það. Hlutverk tóftar er óþekkt, en stærð og lögun hennar er nokkuð lík rétt 063 aðeins norðar. Hér gæti hafa verið einhverskonar aðhald eða lítið beitarhús og hlaða, en þó gæti einnig verið að tóftin tengist braggahverfi 080 sem var aðeins um 100 m sunnar.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna rofs.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.



Tóft GK-103:078 fast vestan við Garðveg GK-631:001_02, horft til suðvesturs. Hlutverk er óþekkt en útlit hennar minnir nokkuð á tóft 063. Tóftin gæti hafa verið lítið beitarhús en einnig er hugsanlegt að um herminjar sé að ræða.

Varða er um 230 m austan við Þjóðveg og 350 m norðan við Helguvíkurveg sem liggur frá Garðskagavegi 45 í ANA að Helguvík. Hún er um 140 m norðan við vörðu 016. Umhverfis vörðuna hefur verið gróið svæði þar sem víða eru mjög lá holt. Sjálf varðan er á flatlendi en lágt holt er skammt norðan hennar og hefði það verið dæmigerðari staðsetning fyrir vörðu sem þjónaði sem samgöngubót.

Varðan er há og stæðileg og hefur án efa verið endurhlaðin á síðustu árum. Varðan er um 1 m á kant og 1,4 m á hæð. Hún er ferhyrnd í grunninn en mjókkar aðeins upp. Grjótið er vaxið skófum og mosa. Ofarlega í vörðunni er mjór steinn sem stendur út úr henni og vísar til norðurs. Varðan er vel hlaðin. Varðan hefur ásamt vörðum 016 og vörðu 017 markað austari anga leiðar GK-631:001.



Varða GK-103:079, horft til suðurs.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.


Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

GK-103:080 þústir herminjar

A: 324521 N: 397121

Leifar af umfangsmiklu braggahverfi frá seinni heimstyrjöldinni sjást á loftmynd af Reykjanesi frá árinu 1945. Hverfið var fast vestan við leið GK-631:001 og vörðu GK-103:070, um 30 m sunnan við tóft GK-103:076 og um 1,4 km SSV af Stóra-Hólmi GK-103:001. Á þessu svæði er þýft mólendi, gróið mosa- og lyngi.



Leifar af braggahverfi GK-103:080 frá seinni heimstyrjöldinni má sjá á loftmynd frá 1945. Þar sjást steinsteyptir grunnar um 22 bragga sem virðist vera búið að rífa. Á loftmynd 1974 má sjá gamla vegslóða sem hugsanlega hafa legið að bröggunum og skemmunum. Árið 2008 má aðeins sjá ljósgræna, mosa- og grasigróna, kassalaga fláka þar sem braggarnir stóðu. Í dag hefur bluta svæðisins verið rutt út eða það hulið mól en enn er hægt að greina óljósar þústir á yfirborði á svæðinu fast vestan við gamla þjóðveginn (GK-631:001_02, tvær grænar samsíða línur). Ekki er ljóst hvort minjar finnast enn undir sverði.

Búið er að rífa alla bragga og slétta yfirborðið á þessum stað í dag (2025). Hægt er að greina nokkrar óljósar þústir (<0,4 m á hæð) á yfirborði á svæðinu og greina útlínur þeirra á nýlegum loftmyndum af svæðinu, t.d. frá árinu 2008. Hluti svæðisins er kominn undir manngerðan varnargarð sem hlaðinn hefur verið upp vegna framkvæmda á svæðinu. Hverfið hefur verið um 170x140 m að flatarmáli og hægt er að greina 24 bragga af loftmynd. A.m.k. tuttugu þeirra voru 5-6 m á breidd og 8-10 m á lengd. Tveir stærri braggar eða skemmur voru einnig á svæðinu, sú minni um 25x12 m að flatarmáli og önnur mun stærri, eða um 40x20 m að flatarmáli. Nákvæmt hlutverk þessara mannvirkja er óljóst. Ekið var inn á svæðið í vestri af Garðskagavegi 45. Hugsanlega hefur tóft GK-103:076 einnig tilheyrt þessu hverfi.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: Loftmyndasafn NÍ - 23.09.1945; Loftmyndasafn NÍ - 2008; Friðþór Eydal - 2007 - Frá heimstyrjöld til hververndar. Keflavíkurstöðin 1942-1951.

GK-103:081 varða óþekkt

A: 324508 N: 397676

Varða er um 1 km suð-suðaustan við bæjarhól 001, um 13 m suðaustan við rétt 074 og tæpa 250 m norð-norðaustan við tóft 062. Varðan er á flötu klapparholti.

Varðan er um 70 cm á hæð og 3-4 umför. Virðist vera ferhyrnd en hún er aðeins um 60 cm á kant. Hún er ekki á háum og áberandi stað og því er ekki ljóst hvað hlutverki hún hefur þjónað en hún er um 130 m austan við Garðveg GK-631:001. Hæsti toppur hólsins er eilítið austan við vörðuna.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.



Varða GK-103:081, borft til NNA.

GK-103:083 tóft heystæði

A: 325343 N: 397372


Bergvötn heita tvær litlar tjarnir sem eru um 1,7 km suðaustan við bæjarhól Stóra-Hólms 001. Milli tjarnanna er tóft sem sennilega hefur verið nýtt sem heystæði og er hún 1,7 km suð-suðaustur af bæjarhól 001, rúma 140 m vestan við tóft 047 og 130 m norðvestan við hleðslu 071. Tóftin er á litlum grasbala í frekar votu deiglendi.

Heystæðið er upphlaðinn pallur sem er 6,5x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Upphleðsla þess er um 1 m og er það allt hlaupið í þúfur.

Hættumat (almennt): engin hætta.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.



Heystæði GK-103:083, borft til vesturs.

GK-103:084 varða óþekkt

A: 324592 N: 397822

Lítill varða er í Berghólum um 675 m sunnan við Stóra-Hólms 001 og um 260 m austan við vegamót Garðveg GK-631:001_02 og Garðskagavegar GK-631:004. Varðan stendur á lágu mosagrónu holti rétt sunnan við golfvöllinn Hólmsvöll.

Varðan er um 1 m í þvermál og um 60 cm á hæð. Hún er illa hlaðin (3-4 umför) og hrunin til vesturs. Hlutverk er óþekkt.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.



Varða GK-103:084, borft til norðvesturs.

GK-110 Keflavík

Ekkert fyrirvar 1703: konungseign. JÁM III, 106. 1686/1695: konungseign, 4h 20 ál, Björn Lárusson 1967, 123. 1847: bændaeign, 4 1/6 h, verslunarstaður, 89.

Keflavík [líklega er hér átt við víkina sjálfa fremur en jörðina] er getið í grein um rekaskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270 og í grein um hvalskipti á Rosmhvalanesi, sama ár, DI II, 76,78. Þá er hennar getið í máldaga kirkjunnar í Kallaðarnesi í Flóa árið 1419, DI VII, 46.

Jarðarinnar er einnig getið í leigna, landskylda og skreiðargjaldsreikningi Kristjáns skrifara árin 1549-1550, DI XII, 158 og í hlutabók og sjávarútgerðarreikningi Eggerts hirðstjóra Hannessonar frá 1553, DI XII, 578. „Og víst er að hingað hafa erlendir kaupmenn sótt um langan aldur, snemma á 16. öld er getið um Þjóðverja í Keflavík [DI XI, 842] og einnig er vitað til, að hér hafi enskir verið á ferð. [...] Keflavíkjarjarðarinnar er fyrst getið í jarðamatsbókum árið 1597 og er eiginleg ábúð hér því ekki gömul. [...] Enn fyrr höfðu Hróðunes og Keflavík byggst úr landi Hólms.“ BG: Saga Keflavíkur 1766-1890, 11.

Árið 1556 beiddust Borgmeistarar í Brimum verslunar í Keflavík og Grindavík af konungi sem þeir höfðu áður haft gegn fullu gjaldi, DI XIV, 417 og þá skrifa þeir dr. Jóakim Hinck bréf um sama efni árið 1566, DI XIV, 472. Árið 1566 veitir svo konungur Jochim Thim, borgara í Hamborg leyfi til siglinga til Keflavíkur, DI XIV, 502.

1703: „Engjar öngvar“ JÁM III, 106 „Heimaland Keflavíkur er talið naumlega einn kýrvöllur og jörðin á úthaga í betra lagi, en engar engjar. Einnig fylgja henni nokkur hlunnindi ...“ Á 18. öld stækkaði Jakobæus tún jarðarinnar um meira en helming. BG: Saga Keflavíkur 1766-1890, 11, 43.

GK-110:090 tóft rétt

A: 326016 N: 396694

Tóft er um 2,9 km norðan við Keflavík GK-110, um 220 m suðvestan við Hólmsbergsvita og 20 m sunnan við sjávarbakka. Tóftin er vestan undir lágum kletti á grasi-, lyngi- og mosagrónu klapparholti, um 25 m sunnan við brún sjávarhamra í sunnanverðri Selvík.

Tóftin er einskipt og grjóthlaðin og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 8,5 m á lengd, 3-5,5 m á breidd og mjókkar í annan endann að norðanverðu. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir, 1-2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Hleðslur eru signar en hægt er að greina 2-5 umför. Mjög líklega er hér um litla fjárrétt að ræða. Rekið hefur verið inn í réttina að norðanverðu þar sem klöppin beygir örlítið til VNV og myndar lítinn rana fyrir innganginn, um 2,5 m norðan við hann. Inngangurinn er um 1 m á breidd. Búið er að hruga þar grjóti til að stoppa upp í op milli klapparinnar og minni kletts til að styrkja fyrirstöðuna.


Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KÞ) - Sveitarfélagið Garður.



Rétt GK-110:090, horft til SSV.

GK-110:091 tóft óþekkt

A: 326044 N: 396720

Tóft er við Selvík, um 185 m VSV við Hólmsbergsvita, 25 m norðaustan við rétt 090 og um 2,8 km NNA við Keflavík. Tóftin er á gróðurlausri klöpp, en svolítill gróður er þar sem tóftin er. Tóftin er við ströndina um 3 m frá klettabrún.

Tóftin er dropalaga, um 11 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr NNA-SSV. Tóftin er oddhvöss til NNA og grjóthlaðin en hleðslur veggja eru útflattar. Útveggir eru 1,5-2,5 m á breidd, <0,3 m á hæð og grasi- og lyngigrónir að hluta. Tóftin hefur hugsanlega verið tvískipt því inn í miðja tóftina er útflattur skilveggur, um 4 m á lengd, um 2 m á breidd og <0,3 m á hæð. Veggurinn er tengdur suðausturhorni tóftar og liggur þaðan til norðvesturs. Hugsanlegt er að hann hafi náð alla leið, en eins líklegt er að það hafi verið op á veggnum við útvegg tóftarinnar að norðvestanverðu. Enginn skýr inngangur er greinanlegur inn í tóftina. Hlutverk hennar er óþekkt.


Hættumat (almennt): mikil hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna landbrots.

Hættumat (tímab.): mikil hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KB) - Sveitarfélagið Garður; FS324-06201 - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík - Helguvík.



Tóft GK-110:091 (samsett ljósmynd), horft til suðausturs.

GK-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð: Rosmhvalaneshreppur

GK-631:001 Garðvegur gata leið

A: 324602 N: 396965

„Þjóðvegurinn út í Leiru og út í Garð lá sunnanhalt á Hólmsbergi og rétt fyrir ofan bæina í Leirunni” segir í örnefnaskrá Innleiru. Þorgrímur Eyjólfsson minnst á troðninga á heidinni út í Garð í viðtali árið 1976: „Þessir troðningar lágu út í Garð t.d., en það voru ekki svo djúpir troðningar.” Hann segir einnig: „Garðvegurinn, hann varð aldrei mjög niðurskorinn, enda var meira fyrir hann gert, að lagfæra hann.” Í frásögn um Leiruna og Garð á Ferlir.is, 2025 segir m.a.: „Gamla götur út úr Garði lágu við Langholt og Hríshólavörðu. Þær nefndust Efrivegur. Neðrivegur [GK-100:016] lá ofan við Leirubæina. Enn sést móta fyrir götum þessum.” Engar ritaðar heimildir hafa fundist sem staðfesta þetta örnefni.

Í skráningu Birnu Lárusdóttur í landi Vara GK-095 frá árinu 2008 segir m.a. um þessa leið (þar skráð nr. GK-095:019): „Upp undan Rafnkellsstöðum er eyðibær, sem heita Heiðarhús [GK-633:021], á vinstri hönd við alfaraveg, þegar farið er frá Keflavík að Útskálum,” segir í grein Magnúsar Grímssonar um fornleifar á Reykjanesskaga [frá árinu 1940]. Þjóðvegur er víða getið í landamerkjalyðingu Vara frá 1889 sem er uppskrifuð í örnefnalýsingu jarðarinnar. Í örnefnalýsingunni segir ennfremur: „Vegurinn lá áður aðeins ofar en nú er. Þar fyrir ofan er óskipt land.” Guðmundur Garðason sagði frá því að gamli vegurinn inn í Garð hefði legið neðan við núverandi veg sunnan við Berghóla en þar hafi hann sveigt til norðvesturs og þaðan legið ofanvert við núverandi veg. Guðmundur sagði að enn sæist til vegarins á köflum.”

Gamla þjóðleiðin GK-631:001_01 lá NNV-SSA samsíða núverandi þjóðvegi, Garðskagavegi 45, en 200-220 m austar (sjá kort 4 í viðauka). Á herforingjaráðskorti af Reykjanesi frá 1908 liggur þessi leið vörðuð frá norðurjaðri Keflavíkur til NNV vestur fyrir Hólmsberg, 1,1-1,5 km ofan og vestan við ströndina. Í Leiru lá vegurinn fast vestan við bæina í hverfinu við Stóra-Hólm og beygði þar til norðvesturs í átt að Garði um 500 m suðvestan við bæinn GK-103:001. Hluti vegarins á þessum tíma hefur líklega þegar verið ruddur.

Gamla gatan var mjó hestagata sem var vörðuð (sjá vörður 016, 017, 064, 070 og 077) innan athugunarsvæðisins. Lítil sem engin ummerki um hana sjást í suðurenda svæðis 2025. Hluti leiðarinnar GK-631:001_02 var ruddur um og eftir 1900 og hefur vegurinn verið 2-5 m að breidd. Innan skráningarsvæðisins 2025 má greina hann slitrótt á samtals um 850 m kafla en sum staðar er hann orðinn mjög óljós og hverfur í framkvæmdir bæði til suðurs og norðurs. Leiðin er rudd og og er greinilegt að grjót hefur verið fjarlægt úr veginum og sett í kanta hans. Umhverfis er mosa og grasi vaxið svæði en gróðurhulan er þunn og vegurinn er víða eins konar eyða í landslaginu.

Hættumat (almennt): hættu.

Hættuorsök (almennt): vegna byggðar.

Hættumat (tímab.): mikil hættu.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: Herforingjaráðskort Dana, 27 Reykjavík SV - 1910; FS445-08012 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík (KB) - Sveitarfélagið Garður; Loftmyndasafn NÍ - 23.09.1945; Pétur Pétursson - 1983 - Æviminningar Þorgríms St. Eyjólfssonar., 130-133; Ari Gíslason - 1976 - Ö-Innleira; FS404-08011 - Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Rafnkellsstöðum að Útskálum - Sveitarfélagið Garður; Ari Gíslason - 1978 - Ö-Varir, 243-262.



Garðvegur GK-631:001_02 var gamla þjóðleiðin norður á Garðskaga fyrir seinni heimstyrjöld, borft til S.S.A.

GK-631:004 Garðskagavegur vegur leið

A: 324318 N: 397587

Gamli vegurinn út að Garðskaga (sjá kort 3 í viðauka). Liggur frá Keflavík 400 m vestar en leið 001. Hann liggur til norð-norðausturs sameinast leið 001 á um 550m löngum kafla suðvestan Leiruhverfis. Þar heldur hann áfram til norð-norðvesturs í átt að Gufuskálum og tengist gamla Neðrivegi GK-100:016. Sést fyrst á loftmynd frá 1945.

Liggur um mólendi og liggur núverandi akvegur samsíða honum að suðvestanverðu. Vegurinn er ruddur og ber greinileg ummerki eftir umferð vélknúinna ökutækja. Hann er um 3 m á breidd og var rakin á vettvangi á rúmlega 60 m löngum kafla.

Hættumat (almennt): hætta.

Hættuorsök (almennt): vegna vegagerðar.

Hættumat (tímab.): hætta.

Hættuorsök (tímab.): vegna framkvæmda.

Heimildir: Herforingjaráðskort Dana, 27 Reykjavík SV - 1910; Loftmyndasafn NÍ - 23.09.1945; Kort Bandaríkjahers, A.M.S. C761, 1943.



Vegbítur gamla Garðskagavegar GK-631:004 sem líklega var lagður í seinni heimstyrjöldinni, horft til NNV.

5. Niðurstöður

Athugunarsvæðið (~170 ha) sem kannað var í nóvember 2025 er á Hólmsbergi, sunnan Bergvíkur. Svæðið var áður að mestu í Gerðahreppi en er nú innan Suðurnesjabæjar. Stærstur hluti athugunarsvæðisins tilheyrði áður bænum Stóra-Hólmi (GK-103) í Leiru, en á suðurmörkum þess voru landamerki Stóra-Hólma og Keflavíkur (GK-110) í Keflavíkurbhreppi. Byggð í Stóra-Hólmi og landnýting, t.d. rekaviðartak, hefur verið á þessu svæði líklega frá landnámi. Í byrjun 20. aldar höfðu lengi verið þéttir byggðakjarnar bæði í Keflavík til suðurs og Leiru til norðurs. Syðstu heimatún býlanna í Leiru voru innan við 100 m frá norðausturmörkum svæðisins. Fyrir seinni heimstyrjöld hefur þetta svæði líklega aðallega verið nýtt sem beitiland. Svæðið er að mestu sléttlendir, grasi-, mosa- og lyngigrónir melar og klapparholt sem víða standa upp úr gróðrinum (sjá yfirlitskort í viðauka). Talsvert rof er á svæðinu og í norðvesturhorni þess er lúpína farin að dreifa sér. Á þessum stað hafa verið framkvæmdir af ýmsum toga síðan í seinni heimstyrjöld en þær urðu stórtækari um og eftir 1980 þegar vinna við Öryggis- og varnarsvæði B1 tók að þróast. Þessi lóð við Helguvíkurveg 7 (~20 ha) í suðausturhorni athugunarsvæðis var undanskilin skráningu að þessu sinni. Innan svæðis eru einnig Steypustöðin Helguvík ásamt Reykjanesklasanum ehf sem stefnir að því að koma þar upp Grænum iðngarði, þar sem áður átti að rísa álver Norðuráls.

Á athugunarsvæðinu voru skráðir alls 34 minjastaðir. Áður en farið var á vettvang 2025 voru þekktir 23 minjastaðir á svæðinu en við vettvangsskráningu bættust ellefu staðir við (Tafla 1). Svæðinu er hér skipt upp í fjóra hluta eftir dreifingu minjastaða (Kort 1-4 í viðauka):

- 1) Selvík og nágrenni (Kort 1) í suðausturhorni svæðis,
- 2) Bergvötn og nágrenni (Kort 2) norðan Öryggis- og varnarsvæðis B1,
- 3) Berghólar og Bergvík (Kort 3) í norðurenda athugunarsvæðis utan megin iðnaðarsvæðis,
- 4) allur vesturhluti þessa iðnaðarsvæðis (Kort 4).

Innan athugunarsvæðisins voru skráðir 28 minjastaðir og sex í útjaðri þess þar sem ytri mörk svæðisins náðu inn fyrir helgunarsvæði fornleifa, sem samkvæmt lögum eru 15 m út frá jaðri þeirra. Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal ætíð leggja mat á almenna hættu sem hver skráður minjastaður er í og birtist það í fornleifaskrá (kaflí 4). Tímabundið hættumat var einnig gert fyrir allar skráðar fornleifar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Innan athugunarsvæðisins eru tvö eyrnamerkt iðnaðarsvæði og voru 18 minjastaðir tengdir þessum svæðum metnir í mikilli hættu vegna framkvæmda. Aðrir minjastaðir utan þessara tveggja iðnaðarsvæða (18 minjastaðir) voru metnir í minni hættu vegna sömu framkvæmda.

Tafla 1. Skráðar fornleifar innan athugunarsvæðisins.

Minja_Id	Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Hættumat (tímab.)	Hættuorsök (tímab.)
3523_01	GK-103:016		varða	samgöngubót	hleðslur standa	hætta	byggð	mikil	framkvæmdir
3523_02	GK-103:017		varða	samgöngubót	hleðslur standa grónar	hætta	byggð	mikil	framkvæmdir
3523_03	GK-103:027		heimild	óþekkt	horfin	-		-	
3523_04	GK-103:047		tóft	óþekkt	hleðslur útflattar	engin		hætta	framkvæmdir
3523_05	GK-103:049	Borgin	örnefni	mið	ekki sést til	engin		mikil	framkvæmdir
3523_06	GK-103:050	Álfakirkja	huldufólks- bústaður	huldufólks- bústaður	sést til	hætta	landbrot	hætta	framkvæmdir
3523_07	GK-103:051	Gapastokkur	tóftir	aftökustaður	hleðslur signar	hætta	byggð	hætta	framkvæmdir
3523_08	GK-103:061		hleðsla	óþekkt	hleðslur standa	hætta	rof	hætta	framkvæmdir
3523_09	GK-103:062		tóft	óþekkt	hleðslur standa	engin		mikil	framkvæmdir
3523_10	GK-103:063		tóft	rétt	hleðslur signar	hætta	rof	mikil	framkvæmdir
3523_11	GK-103:064		varða	samgöngubót	hleðslur standa grónar	engin		mikil	framkvæmdir
3523_12	GK-103:065		varða	óþekkt	hleðslur signar	engin		mikil	framkvæmdir
3523_13	GK-103:066		tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	byggð	hætta	framkvæmdir
3523_14	GK-103:067		tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	byggð	hætta	framkvæmdir
3523_15	GK-103:068		þúst	óþekkt	hleðslur útflattar	hætta	landbrot	hætta	framkvæmdir
3523_16	GK-103:069		varða	óþekkt	hleðslur signar	engin		mikil	framkvæmdir
3523_17	GK-103:070		varða	samgöngubót	hleðslur standa	engin		hætta	framkvæmdir
3523_18	GK-103:071		tóft	óþekkt	hleðslur signar	engin		hætta	framkvæmdir
3523_19	GK-103:072		hleðsla	óþekkt	hleðslur signar	hætta	vatnsagi	hætta	framkvæmdir
3523_20	GK-103:074		hleðsla	rétt	hleðslur standa	engin		hætta	framkvæmdir
3523_21	GK-103:075		varða	óþekkt	sést til	hætta	byggð	mikil	framkvæmdir
3523_22	GK-103:076		mannvirki	óþekkt	sést til	hætta	rof	mikil	framkvæmdir
3523_23	GK-103:077		varða	samgöngubót	hleðslur útflattar	engin		mikil	framkvæmdir

3523_24	GK-103:078		tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	rof	mikil	framkvæmdir
3523_25	GK-103:079		varða	samgöngubót	hleðslur standa	hætta	byggð	mikil	framkvæmdir
3523_26	GK-103:080		þústir	herminjar	sést til	engin		mikil	framkvæmdir
3523_27	GK-103:081		varða	óþekkt	hleðslur standa grónar	engin		hætta	framkvæmdir
3523_28	GK-103:083		tóft	heystæði	hleðslur signar	engin		hætta	framkvæmdir
3523_29	GK-103:084		varða	óþekkt	hleðslur signar	hætta	byggð	hætta	framkvæmdir
3523_30	GK-110:090		tóft	rétt	hleðslur signar	hætta	byggð	mikil	framkvæmdir
3523_31	GK-110:091		tóft	óþekkt	hleðslur signar	mikil	landbrot	mikil	framkvæmdir
3523_32	GK-631:001_01	Garðvegur eldri	heimild	leið	illgreinanleg	hætta	byggð	mikil	framkvæmdir
3523_33	GK-631:001_02	Garðvegur yngri	vegur	leið	sést til	hætta	byggð	mikil	framkvæmdir
3523_34	GK-631:004	Garðskagavegur	vegur	leið	sést til	hætta	vegagerð	hætta	framkvæmdir

Við Selvík (Kort 1) voru skráðir þrír minjastaðir: varða GK-103:027, sem hugsanlega hefur verið mið, og grjóthlaðnar tóftir GK-110:090 og 091. Tóftir 090 og 091 eru báðar utan svæðis en þar sem helgunarsvæði þeirra er innan athugunarsvæðis voru þær teknar með í fornleifaskrá. Þetta svæði hefur orðið fyrir miklu raski og er varða GK-103:027 sem skráð var 2006 horfin vegna þess. Stórgryti hefur einnig verið dreift yfir stór svæði bæði til austurs og vesturs, og er á bilinu 10-30 m frá tóftum 090 og 091. Þær eru því að svo stöddu báðar metnar í mikill hættu vegna framkvæmda jafnvel þótt að þær séu utan marka athugunarsvæðis. Tóft 091 er einnig almennt metin í mikilli hættu vegna náttúrulegs landbrots í Selvík.

Við Bergvötn og nágrenni (Kort 2) fast norðan við óskráð Öryggis- og varnarsvæði B1 voru skráðir fjórir minjastaðir: tóftir GK-103:047, 071 og 083, ásamt hleðslu GK-103:072. Aldur þessara minja er óþekktur og engar heimildir fundust sem varpað gætu ljósi á nákvæman tilgang þeirra. Talið er líklegast að þær tengist hugsanlega veiði við Bergvötn sem og landbúnaði og almennri landnýtingu bæjanna í Leiru til norðurs. Tóft GK-103:047 hefur líklega verið rétt, tóft 083 er líkleg til að vera heystæði og tóft 071 gæti hafa nýst sem skotbyrgi, líkt og hleðsla 072. Þessir minjastaðir eru utan megin iðnaðarsvæða svo þær eru metnar í minni hættu vegna framkvæmda.

Í Berghólum nyrst á athugunarsvæðinu (Kort 3) voru skráðir átta minjastaðir. Fjórir þeirra voru rétt utan marka en þó skráðir þar sem helgunarsvæði þeirra (sem eru 15 m frá ystu mörkum) nær inn fyrir mörk athugunarsvæðis. Lítið vörðubrot GK-103:084 er á klettaborg um 7 m utan svæðis, rétt sunnan við golfvöllinn Hólmsvöll. Engar heimildir fundust um tilgang þess og er hugsanlegt að það sé nýlegt, t.d. að grjótinu hafi aðeins verið hrúgað upp til að marka landmælingastað á 20.-21. öld. Undir lítilli klettaborg í norðausturhorni svæðis eru svo í hnapp Gapastokkur GK-103:051 og tóftir GK-103:066 og 067. Þessar tóftir eru á bilinu 5 til 15 m utan svæðis og gildir hið sama um þær og aðra staði þar sem helgunarsvæði er innan athugunarsvæðis. Uppi eru getgátur um að í Gapastokk hafi verið aftökustaður en engar heimildir hafa fundist um aftökur á þessum stað. Tóftirnar eru innan við 100 m suðvestan við syðstu heimatúnin í Bergvík í Leiru³, svo líklegast verður að telja að þær séu landbúnaðarminjar af einhverri gerð, t.d. skepnuhús eða heystæði. Hugsanlegt er þó að a.m.k. önnur þeirra (066) hafi þjónað sem skotbyrgi hermanna á stríðsárunum. Engar heimildir hafa fundist um nákvæma nýtingu eða aldur tóftanna.

Innan svæðisins í Berghólum voru skráðir fjórir minjastaðir (Kort 3). Um 150 m suðaustan við Gapastokk, voru rétt GK-103:068 og Álfakirkja 050, við bjargbrúnina í Bergvík. Rétt 068 er

³ Túnakort Leirunnar í Gerðahreppi, Gullbringusýslu, 1919.

grjóthlaðin á milli tveggja kletta sem mynda náttúrulegt V, sem er opið til austurs í átt að sjó. Hér hefur líklega verið aðhald fyrir búpening. Álfakirkjan er náttúrulegur klettur. Nafn hennar bendir til álfatrúar en engar slíkar sögur hafa fundist um þennan stað. Í vesturhluta svæðisins eru svo varða 081 og rétt 074 í sama klapparkolli í vestanverðum Berghólum. Líkt og varða 084 er varða 081 mjög rýr og gæti hafa þjónað svipuðum tilgangi. Tóft 074 er lítil grjóthleðsla sem myndar hólf fast undir klettinum. Þar gæti hafa verið einhverskonar aðhald eða skýli. Engar heimildir hafa fundist um nákvæma nýtingu eða aldur minjanna.

Í tengslum við iðnaðarsvæðið í vesturhluta athugunarsvæðis (Kort 4, reitur afmarkaður með rauðri línu) voru skráðir átján minjastaðir. Vegna framkvæmda á 20. og 21. öld hefur yfirborð fyrir miðju svæðisins þegar verið hreinsað og sléttað á stórum kafla vegna bygginga og annarra fyrirhugaðra mannvirkja. Einnig er búið að hlaða upp háum, 100-200 m breiðum malar- og grjótgörðum til norðurs frá Helguvíkurvegi, á um 1 km kafla meðfram vesturhlið svæðisins. Engar minjar fundust næst Garðskagavegi, vestan þessa grjótgarðs.

Gamla þjóðleiðin GK-631:001 (Garðvegur/Efrivegur) lá til NNV yfir athugunarsvæðið austan þessa grjótgarðs. Leiðin tengdi byggðakjarnana í Keflavík og Leiru og hélt þaðan áfram út í Garð, og var hún vörðuð að hluta⁴. Hluti vegarins sem var ruddur er enn greinilegur innan svæðis (GK-631:001_02) en gömlu hestagöturnar (GK-631:001_01) í suðurhluta svæðisins eru orðnar mjög óljósar og sjást aðeins óskýrt á loftmynd. Af herforingjaráðskorti sem teiknað var skömmu eftir aldamótin 1900 má sjá að hluti vegarins var þá þegar ruddur.⁵ Þetta kort er elsta heimildin sem til er um staðsetningu leiðarinnar en hún er án efa mun eldri. Innan athugunarsvæðis eru enn sex vörður við gömlu þjóðleiðina, vörður GK-103:016 og 017 sem hafa verið girtar af þeim til varnar, og vörður 064, 070, 077 og 079. Flestar vörðurnar eru heillegar og vel hlaðnar á meðan varða 077 er alveg hrúin. Líklegast hefur vörðunum verið haldið við fram á 20. öld, en ekki er útilokað að einhverjar hafi verið endurhlaðnar að hluta. Leiðin var ein helsta þjóðleiðin út á Reykjanes fram að seinni heimstyrjöld þegar Garðskagavegur (veganr. 45) var fyrst ruddur. Auk varðanna við gamla þjóðveginn voru þrjár vörður, án skýrs hlutverks, á klapparholtum á Hólmbergsheiðinni 120-250 m austan Garðvegar. Varða 075 er lítið annað en steinn uppá rönd í grasigrónni hæð á meðan varða 069 er lítið vörðubrot sem líkist mjög vörðum 081 og 084 og gæti hafa haft svipað hlutverk en er talsvert hrúin. Uppúr henni stendur mjór timburstaur. Varða 065 er aðeins stæðilegri en uppúr henni stendur einnig timburstaur. Hlutverk og aldur þessara varða eru óljós. Ekki er útilokað að önnur leið hafi legið út af Garðvegi til norðurs niður í austanvert Leiruhverfi en sú gata hefur þá ekki verið mikið notuð. Engar

⁴ Herforingjaráðskort Dana, 1910. 27 Reykjavík SV.

⁵⁵ Herforingjaráðskort Dana, 1910. 27 Reykjavík SV.

heimildir fundust um leið á þessum stað og engin ummerki um götur eru sjáanleg í næsta nágrenni við vörðurnar.

Leifar af elsta hluta Garðskagavegar GK-631:004 má sjá á stuttum kafla í norðvesturhorni athugunarsvæðis, en þar er aðeins niðurgrafinn slóði án nokkurra áberandi hleðsla eða ræsa. Líklega hefur vegurinn fyrst verið ruddur af Bandaríkjamönnum einhvern tímann milli 1943 og 1945. Gamli þjóðvegurinn (GK-631:001_02) er teiknaður á landakort Bandaríkjahers af Reykjanesi frá 1943, en á loftmynd frá stríðslokum 1945 sést að vegurinn hefur verið færður um 400 m til vesturs þar sem núverandi Garðskagavegur er staðsettur.⁶ Vegbúturinn í norðvesturhorni svæðis telst því sem líklegar herminjar, ásamt varnargarði GK-103:061 sem er um 125 m austar, fast austan við gamla veginn GK-631:001_02 og <12 m utan við megin iðnaðarsvæðið.

Aðrar minjar innan iðnaðarsvæðisins eru allar í norðvesturhorni þess, en þar eru Borgin (GK-103:049), beitarhús GK-103:062, rétt 063, mannvirki 076 og 078 og braggahverfi 080. Borgin (GK-103:049) er náttúruleg klettaborg sem þjónaði sem mið frá Innleiru en engin skýr mannvirki eru tengd henni. Beitarhús GK-103:062 eru um 165 norðaustan við Borgina. Tóftir húsanna eru skýrar og grasigrónar og hafa þær hugsanlega verið endurnýttar sem fallbyssustæði í seinni heimstyrjöldinni.⁷ Nyrsti hluti hússins er umfangsmestur, gróflega hringlaga og gæti hugsanlega verið endurnýtt fjárborg eða heykuml.

Um 26 m SSA við beitarhúsin er grjóthlaðið mannvirki GK-103:063. Mannvirkið er uppblásið og nú að hverfa í lúpínugróður. Um 85 m SSA við það er annað ólögulegt mannvirki 078 sem byggt hefur verið úr torfi og grjóti. Þessi mannvirki eru nokkuð lík að stærð og lögun, og bæði eru <5 m vestan við Garðveg GK-631:001. Engar heimildir hafa fundist um hlutverk þeirra en út frá útliti og staðsetningu gæti verið um að ræða einhvers konar skýli eða réttir. Einnig er hugsanlegt að um herminjar sé að ræða, t.d. varðskýli svona nálægt gamla veginum, sérstaklega þar sem braggahverfi 080 var aðeins um 110 m sunnar.

Á áður nefndri loftmynd frá 1945 má sjá að braggahverfi GK-103:080 stóð á um 170x140 m stóru svæði, einnig <5 m vestan við Garðveg GK-631:001_02. Í hverfinu hafa verið a.m.k. tvær stærri skemmur (um 25x12 m og 40x20 m að flatarmáli) og 20 smærri braggar (um 8-10x5-6 m) í þéttum hnapp. Samkvæmt sögu Keflavíkurstöðvarinnar 1942-1951 eftir Friðþór Eydal voru rétt rúmlega 1000 ha af Leirulandi teknir eignanámi um 1944 vegna framkvæmda við flugvelli Bandaríkjahers á Reykjanesskaga.⁸ Ekki er þar minnst á sérstök braggahverfi tengd þessu

⁶ Kort Bandaríkjahers, A.M.S. C761, 1943; Loftmynd Náttúrufræðistofnunar, AMS30_2-1_002, 23.09.1945.

⁷ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019, bls. 31 og 32.

⁸ Friðþór Eydal 2007, bls. 40.

athugunarsvæði en þó er hugsanlega hægt að greina hverfið fast austan Garðskálavegar GK-631:004 efst í hægri horni loftmyndar af Meeksflugvelli frá stríðslokum sem birt er í sömu bók.⁹ Enn eitt niðurgrafið, hugsanlegt hernaðarmannvirki GK-103:076 er svo fast undir klettaholti aðeins um 30 m norðan við braggahverfið. Hlutverk er óljóst en hugsanlega gæti þetta hafa verið einhverskonar skýli eða geymsla.

Það er því ljóst að minjar innan athugunarsvæðisins sunnan Leiru eru samsafn af samgöngu-, landbúnaðar- og herminjum. Einn, áður skráður minjastaður, varða GK-103:027, er horfinn. Eins og algengt er við skráningu sem þessa fannst lítið af heimildum um nákvæmt hlutverk eða aldur skráðra minja. Átján minjastaðir voru flokkaðir í mikilli hættu vegna framkvæmda á meðan átján minjastaðir fjær megin iðnaðarsvæðum voru metnir í minni hættu. Rétt er að undirstrika að þó að minjar séu flokkaðar í hættu eða mikilli hættu vegna framkvæmda þýðir það hvorki að hættan sé óhjákvæmileg né óyfistíganleg. Þvert á móti er hættumatinu fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna minjastöðum og teljast því minjar innan athugunarsvæða sjálfkrafa í mikilli hættu við fyrstu skráningu. Í mörgum tilfellum reynist því unnt að tryggja varðveislu fornleifanna.

Gert er ráð fyrir að flestar þeirra minja sem skráðar voru séu 100 ára eða eldri og falli því í flokk friðaðra minja. Undantekning frá þessu eru herminjar sem ekki hafa náð 100 ára aldri en Minjastofnun Íslands fer þó fram á að séu skráðar í skráningu sem þessari þótt lagaleg staða þeirra sé veikari en aldurfriðaðra minja. Ef það reynist óhjákvæmilegt að raska minjunum vegna framkvæmda er það Minjastofnunar að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifarnar mega víkja.

⁹ Friðþór Eydal 2007, bls. 239.

6. Heimildaskrá

- Adolf Friðriksson, 2006. *Fornleifakönnun vegna fyrirbugaðra framkvæmda við Helguvík*. FS324-06201. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- BG:** Bjarni Guðmarsson, 1992. *Saga Keflavíkur 1766-1890*. Sögunefnd Keflavíkur og Keflavíkurbær.
- Birna Lárusdóttir, 2008. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Rafnkelsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna)*. FS404-08011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum/Íslenzkt fornbréfasafn 1857-1950*. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019. *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*. Reykjavík: Antikva ehf.
- Friðþór Eydal, 2007. *Frá heimstyrjöld til hverndar. Keflavíkurstöðin 1942-1951*. Reykjavík: Bláskeggur.
- ÍF I:** *Íslensk fornrit I*, 1986. Íslendingabók – Landnámabók. Jón Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- JÁM III:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1923-1924. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.
- JJ:** Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Kristborg Þórsdóttir (ritstj.), 2010. *Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík*. FS445-08012. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Magnús Grímsson, 1936. „Fornminjar um Reykjanesskaga”. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II*, Ýmsar ritgerðir (bls. 243-262). Reykjavík: Félagið Ingólfur.
- Pétur Pétursson, 1983. Æviminningar Þorgríms St. Eyjófssonar. 5. hluti. *Faxi 43 (5)*, 130-133.

Óprentaðar heimildir:

- Ferlir* ©, 2025. Leiran – Garður. Aðgengilegt á: <http://ferlir.is/?id=4285>.
- Kort Bandaríkjahers*, 1942-1943. Keflavík. A.M.S. C761. 1:50.000.
- Herforingjarúðskort Dana*, 1910. Reykjanes. 27 Reykjavík SV. 1:50.000. Aðgengilegt á kortavef Landsbókasafn 2025, <https://islandskort.is/map/>
- Loftmyndasafn NÍ*, 2025. Loftmyndir frá árunum 1945, 1974 og 2008. Aðgengilegar á <https://loftmyndasja.gis.is/mapview/?application=loftmyndasja>
- Lög um menningarminjar 80/12. 2021*. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.
- Túnakort, 1919. *Leiran*. Stóri-Hólmur (rúinn húsum). Aðgengilegt á: <https://testbiritng.manntal.is>
- Ö-Innleira:** Ari Gíslason, Símon Guðmundsson, Ófeigur Jóhannuson Ófeigsson og Kristján Eiríksson, 1976. *Innleira*. Reykjavík: Örnefnasafn Árnastofnunar. Aðgengilegt á: <https://www.nafnid.is/ornefnaskra/14595/pdf>.
- Ö-Varir:** Ari Gíslason, Sigríður Jóhannsdóttir, Sveinbjörn Arason og Halldór Þorsteinsson, 1978. *Varir*. Reykjavík: Örnefnasafn Árnastofnunar. Aðgengilegt á: <https://www.nafnid.is/ornefnaskra/14612/pdf>.

Viðauki: Hnitalisti og minjakort

Kortin eru unnin ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýna minjastaði innan athugunarsvæðisins auk þeirra sem eru innan við 15 m frá mörkum þess (sbr. helgunarsvæði fornminja).

Tafla I - Hnit minjastaða innan athugunarsvæðis í Bergvík 2025.

MinjaId	Samtala	A	N
3523_01	GK-103:016	324765	396559
3523_02	GK-103:017	324858	396408
3523_03	GK-103:027	325945	396748
3523_04	GK-103:047	325487	397404
3523_05	GK-103:049	324297	397321
3523_06	GK-103:050	325024	397870
3523_07	GK-103:051	324862	397941
3523_08	GK-103:061	324428	397493
3523_09	GK-103:062	324417	397442
3523_10	GK-103:063	324441	397393
3523_11	GK-103:064	324491	397316
3523_12	GK-103:065	324714	397476
3523_13	GK-103:066	324855	397937
3523_14	GK-103:067	324857	397929
3523_15	GK-103:068	325004	397851
3523_16	GK-103:069	324696	397248
3523_17	GK-103:070	324537	397143
3523_18	GK-103:071	325458	397311
3523_19	GK-103:072	325445	397473
3523_20	GK-103:074	324498	397688
3523_21	GK-103:075	324758	396914
3523_22	GK-103:076	324464	397235
3523_23	GK-103:077	324605	396972
3523_24	GK-103:078	324478	397305
3523_25	GK-103:079	324719	396696
3523_26	GK-103:080	324521	397121
3523_27	GK-103:081	324508	397676
3523_28	GK-103:083	325343	397372
3523_29	GK-103:084	324592	397822
3523_30	GK-110:090	326016	396694
3523_31	GK-110:091	326044	396720
3523_32	GK-631:001_01	324778	396565
3523_33	GK-631:001_02	324602	396965
3523_34	GK-631:004	324318	397587


Staðsetning yfirlitskorta 1-4 hér að neðan.




Kort 1 - Selvík í suðausturhorni athugunarsvæðis (norðan gulu línu).



Kort 2 - Bergvötn við Bergvík, austan iðnaðarsvæðis (rauð lína).



Kort 3 - Bergvík og Berghólar í norðurhluta athugunarsvæðis (gul lína).



Kort 4 - Vesturhluti athugunarsvæðis innan iðnaðarsvæðis (rauð lína).

